



## Stjórnarfundur AKÍS

**Staður og tími:** Fundarherbergi ÍSÍ - 3.1.2017 kl. 18:00

**Mætt:**

Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Þórður Bragason (ÞB), Ragnar Róbertsson (RR), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS)

**Fjarverandi:**

Einar Gunnlaugsson (EG), Ari Jóhannsson (AJ), Magnús Á Ástráðsson (MÁÁ), Jón Rúnar Rafnsson (JRR)

ÞA ritaði fundargerð.

---

**1. Tilboð í grunn slysatryggingar keppenda**

Í gegnum systursamtök okkar hefur AKÍS borist tilboð í slysatryggingar keppenda sem verið er að skoða þannig að það verði hluti af keppnisskírteini 2017.

**2. Vnuk dómurinn**

Send hefur verið fyrirspurn til Samgöngustofu og SFF um hvort Vnuk v Triglav, dómsmál C-162/13 fyrir Evrópuðómstólnum muni hafa áhrif á tryggingar keppnistækja á Íslandi.

**3. Saga akstursípróttagreina**

Bæta við að þegar valin er einhver ákveðin keppnisgrein komi upp stutt lýsing á henni og jafnvel mynd frá keppni í henni.

Þá verði bætt við tengli í sögu viðkomandi keppnisgreinar hérlandis.

**4. Ársþing 2017**

Undirbúningur fyrir Ársþing AKÍS 2017 er hafinn. Ákveðið að næsti stjórnarfundur, 17. janúar 2017 verði raunfundur og sérstaklega fjallað um samþykktir Ársþingsins.

*Ársþing skal boðað með auglýsingu og eða tilkynningu með eigi minna en eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda aðildarfélögum AKÍS.*

*Málefni sem aðildarfélög óska að tekin verði fyrir á þinginu skulu berast stjórn AKÍS minnst 3 vikum fyrir þing. Þetta á einnig við um framboð til formanns og stjórnar AKÍS. Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingið skal senda aðildarfélögum skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið. Þingið getur þó tekið fyrir mál, borin upp með styttri fyrirvara, að fengnu samþykki 2/3 hluta þingfulltrúa.*



5. Erindi frá Sigurði Sveinssyni / Lifandi Mynd

Samþykkt.

6. Önnur mál

**Skráningar á heimasíðuðum keppnistækjum** - Samþykkt að Ragnar og Þrándur ræði við Samgöngustofu, Vinnueftirlitið og fleiri. Setja saman skjal með hugmyndum um spurningar.

**Stjórnendur keppna** - setja áminningu á heimasíðu AKÍŠ og Facebook.